

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 93/2017****2019/EES/11/26****frá 5. maí 2017****um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 frá 13. júlí 2009 um að koma á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1228/2003 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1775/2005 <sup>(3)</sup>, sbr. leiðréttingar í Stjútíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 29 og Stjútíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 87.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 543/2013 frá 14. júní 2013 um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum og um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 2003/55/EB <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. nóvember 2010 um breytingu á 3. kafla I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/490/ESB frá 24. ágúst 2012 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas <sup>(8)</sup>.
- 9) Reglugerð (EB) nr. 714/2009 fellir úr gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 <sup>(9)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 10) Reglugerð (ESB) nr. 715/2009 fellir úr gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1775/2005 <sup>(10)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 15.<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 36.<sup>(4)</sup> Stjútíð. ESB L 163, 15.6.2013, bls. 1.<sup>(5)</sup> Stjútíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55.<sup>(6)</sup> Stjútíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 94.<sup>(7)</sup> Stjútíð. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 67.<sup>(8)</sup> Stjútíð. ESB L 231, 28.8.2012, bls. 16.<sup>(9)</sup> Stjútíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 1.<sup>(10)</sup> Stjútíð. ESB L 289, 3.11.2005, bls. 1.

- 11) Tilskipun 2009/72/EB fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB <sup>(1)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 12) Tilskipun 2009/73/ESB fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/55/EB <sup>(2)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 13) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/280/ESB <sup>(3)</sup> fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB <sup>(4)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 14) Ekki ber að líta á flutningskerfisstjóra í EFTA-ríkjunum sem rekstraraðila í þriðja landi að því er varðar ENTSO, Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra, fyrir raforku og ENTSO fyrir gas.
- 15) IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta 20. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003):

„**32009 R 0714:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1228/2003 (Stjútíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 15), eins og henni var breytt með:

- **32013 R 0543:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 543/2013 frá 14. júní 2013 (Stjútíð. ESB L 163, 15.6.2013, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 3. mgr. 3. gr. og 6. mgr. 15. gr. ber hvað EFTA-ríkin varðar að skilja orðið „framkvæmdastjórnin“ og „framkvæmdastjórninni“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“.
- b) Að því er varðar mál þar sem um er að ræða EFTA-ríki koma eftirfarandi ákvæði í stað ákvæða sem varða bindandi ákvarðanir stofnunarinnar, sem um getur í 5. mgr. 17. gr.:

„i) Í málum þar sem um er að ræða EFTA-ríki, eitt eða fleiri, skal Eftirlitsstofnun EFTA samþykkja ákvörðun sem beint er til eftirlitsyfirvalda í EFTA-ríkinu/ríkjunum sem um ræðir.

ii) Stofnunin skal eiga rétt á að taka þátt í starfi Eftirlitsstofnunar EFTA og undirbúningsnefnda hennar þegar Eftirlitsstofnun EFTA sinnir störfum stofnunarinnar, að því er varðar EFTA-ríkin, eins og kveðið er á um í þessum samningi, þó án atkvæðisréttar.

iii) Eftirlitsstofnun EFTA skal eiga rétt á að taka fullan þátt í starfi stofnunarinnar og undirbúningsnefndum hennar, þó án atkvæðisréttar.

iv) Stofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu vinna náið saman þegar ákvarðanir, álit og tilmæli eru samþykkt.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 37.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 57.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 129, 17.5.2011, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. ESB L 296, 14.11.2003, bls. 34.

Þegar stofnunin semur drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við þessa reglugerð skal hún tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA. Hin síðarnefnda skal setja frest sem eftirlitsyfirlögd EFTA-ríkjanna hafa til þess að gefa álit sitt á málinu, að teknu fullu tilliti til þess hversu málið er brýnt og flókið og afleiðinga sem það kann mögulega að hafa.

Eftirlitsyfirlögd EFTA-ríkjanna geta óskað eftir því að Eftirlitsstofnun EFTA taki ákvörðun sína til endurskoðunar. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda slíka beiðni til stofnunarinnar. Ef þannig ber undir skal stofnunin íhuga að semja ný drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA og svara án ótilhlýðilegrar tafar.

Ef stofnunin breytir eða afturkallar ákvörðun sem er hliðstæð ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt, skal stofnunin, án ótilhlýðilegrar tafar, semja drög á sama veg fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

- v) Komi til ágreinings milli stofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar framkvæmd þessara ákvæða skulu formaður stofnunarinnar og stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA, að teknu tilliti til þess hversu málið er brýnt, boða til fundar án ótilhlýðilegrar tafar til þess að leita eftir samstöðu. Náist ekki samstaða, getur formaður stofnunarinnar eða stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA farið þess á leit við samningsaðila að þeir vísi málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um það í samræmi við 111. gr. þessa samnings, sem skal gilda að breyttu breytanda. Í samræmi við 2. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/94 frá 8. febrúar 1994 um starfsreglur sameiginlegu EES-nefndarinnar <sup>(15)</sup>, getur samningsaðili farið fram á að fundur verði kallaður saman án tafar þegar mikið liggur við. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar, getur samningsaðili hvenær sem er vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar að eigin frumkvæði, í samræmi við 5. og 111. gr. þessa samnings.
- vi) EFTA-ríkin eða hvaða einstaklingur eða lögpersóna sem er getur hafið málarekstur gegn Eftirlitsstofnun EFTA fyrir EFTA-dómstólum í samræmi við 36. og 37. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“

c) Eftirfarandi er bætt við 20. gr.:

„Beiðni frá framkvæmdastjórninni að því er varðar upplýsingarnar sem getið er í 2. og 5. mgr. 20. gr. skal hvað EFTA-ríkin varðar koma frá Eftirlitsstofnun EFTA til fyrirtækisins sem um ræðir.“

d) Eftirfarandi er bætt við 2. mgr. 22. gr.:

„Fela skal verkefnið í 2. mgr. 22. gr. Eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar fyrirtækin sem um ræðir.“

e) Eftirfarandi er bætt við 23. gr.:

„Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, sem um getur í 23. gr., þó án atkvæðisréttar.“

2. Eftirfarandi kemur í stað texta 22. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB):

„**32009 L 0072:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB (Stjútíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Túlka ber tilvísanir til ákvæða sáttmálans sem tilvísanir til samsvarandi ákvæða samningsins.
- b) Tilskipunin skal ekki gilda um rafstrengi og tengd mannvirki frá tengipunkti á landi í mannvirki til olíuvinnslu.

<sup>(15)</sup> Stjútíð. ESB L 85, 30.3.1994, bls. 60.

- c) Ákvæði j-liðar 2. mgr. 7. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- d) Að því er EFTA-ríkin varðar gildir 1. mgr. 9. gr. frá því ár er liðið frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 frá 5. maí 2017.
- e) Í 7. mgr. 10. gr. ber hvað EFTA-ríkin varðar að skilja orðið „framkvæmdastjórnin“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“.
- f) Ákvæði b-liðar 3. mgr. 11. gr. og b-liðar 5. mgr. 11. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- g) Orðin „Eftirlitsstofnunar EFTA“ koma í stað orðsins „stofnunarinnar“ í d-lið 1. mgr. 37. gr.
- h) Ákvæði s-liðar 1. mgr. 37. gr. gildir ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- i) Í 1. mgr. 40. gr. ber hvað EFTA-ríkin varðar að skilja orðið „framkvæmdastjórninni“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“.
- j) Eftirfarandi kemur í stað 2. mgr. 44. gr.:

„Ákvæði 9. gr. gildir ekki um Kýpur, Lúxemborg, Möltu, Liechtenstein og/eða Ísland. Auk þess gilda 26. gr., 32. gr. og 33. gr. ekki um Möltu

Ef Ísland getur sýnt fram á, eftir að ákvörðun þessi hefur tekið gildi, að veruleg vandamál séu til staðar fyrir rekstur kerfa þess, er Íslandi heimilt að sækja um undanþágu frá 26., 32. og 33. gr., sem Eftirlitsstofnun EFTA getur veitt. Eftirlitsstofnun EFTA skal upplýsa EFTA-ríkin og framkvæmdastjórnina um slíkar umsóknir áður en ákvörðun er tekin, að teknu tilliti sjónarmiða um þagnarskyldu. Slík ákvörðun skal birt í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.“

- k) Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar sem sett var á laggirnar skv. 46. gr., þó án atkvæðisréttar.“

3. Eftirfarandi kemur í stað texta 23. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/55/EB):

„**32009 L 0073:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 2003/55/EB (Stjtúð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 94).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Túlka ber tilvísanir til ákvæða sáttmálans sem tilvísanir til samsvarandi ákvæða samningsins.
- b) Tilskipun þessi gildir ekki um Ísland.
- c) Eftirfarandi er bætt við 11. mgr. 2. gr.:

„„Aðstaða fyrir fljótandi jarðgas“ skal ekki ná yfir aðstöðu þar sem jarðgasi er breytt í vökva sem er hluti af olú- eða gasvinnsluverkefni á hafsbotni á borð við Melkøya-stöðina.“
- d) Eftirfarandi verður bætt við 12. mgr. 2. gr.:

„„Kerfisstjóri fyrir fljótandi jarðgas“ skal ekki ná yfir rekstraraðila aðstöðu þar sem jarðgasi er breytt í vökva og sem er hluti af olú- eða gasvinnsluverkefni á hafsbotni á borð við Melkøya-stöðina.“
- e) Ákvæði 6. gr. gilda ekki um EFTA-ríkin.
- f) Í 7. mgr. 10. gr. ber hvað EFTA-ríkin varðar að skilja orðið „framkvæmdastjórnin“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“.
- g) Ákvæði b-liðar 3. mgr. 11. gr., b-liðar 5. mgr. 11. gr. og 7. mgr. 11 gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.

- h) Að því er varðar mál sem varðar EFTA-ríki koma eftirfarandi ákvæði í stað ákvæða sem varða bindandi ákvarðanir stofnunarinnar, sem um getur í þriðju undirgrein 4. mgr. 36. gr.:

- „i) Í málum sem varða EFTA-ríki, eitt eða fleiri, skal Eftirlitsstofnun EFTA samþykkja ákvörðun sem beint er til eftirlitsyfirvalda í EFTA-ríkinu/ríkjunum sem um ræðir.
- ii) Stofnunin skal eiga rétt á að taka þátt í starfi Eftirlitsstofnunar EFTA og undirbúningsnefnda hennar þegar Eftirlitsstofnun EFTA sinnir störfum stofnunarinnar, að því er varðar EFTA-ríkin, eins og kveðið er á um í þessum samningi, þó án atkvæðisréttar.
- iii) Eftirlitsstofnun EFTA skal eiga rétt á að taka fullan þátt í starfi stofnunarinnar og undirbúningsnefndum hennar, þó án atkvæðisréttar.
- iv) Stofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu vinna náið saman þegar ákvarðanir, álit og tilmæli eru samþykkt.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.

Þegar stofnunin semur drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við þessa tilskipun skal hún tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA. Hin síðarnefnda skal setja frest sem eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkjanna hafa til þess að gefa álit sitt á málinu, að teknu fullu tilliti til þess hversu málið er brýnt og flókið og afleiðinga sem það kann mögulega að hafa.

Eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkjanna geta óskað eftir því að Eftirlitsstofnun EFTA taki ákvörðun sína til endurskoðunar. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda slíka beiðni til stofnunarinnar. Ef þannig ber undir skal stofnunin íhuga að semja ný drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA og svara án ótilhlýðilegrar tafar.

Ef stofnunin breytir eða afturkallar ákvörðun sem er hliðstæð ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt, skal stofnunin, án ótilhlýðilegrar tafar, semja drög á sama veg fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

- v) Komi til ágreinings milli stofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar framkvæmd þessara ákvæða skulu formaður stofnunarinnar og stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA, að teknu tilliti til þess hversu málið er brýnt, boða til fundar án ótilhlýðilegrar tafar til þess að leita eftir samstöðu. Náist ekki samstaða, getur formaður stofnunarinnar eða stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA farið þess á leit við samningsaðila að þeir vísi málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um það í samræmi við 111. gr. þessa samnings, sem skal gilda að breyttu breytanda. Í samræmi við 2. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/94 frá 8. febrúar 1994 um starfsreglur sameiginlegu EES-nefndarinnar <sup>(16)</sup>, getur samningsaðili farið fram á að fundur verði kallaður saman án tafar þegar mikið liggur við. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar, getur samningsaðili hvenær sem er vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar að eigin frumkvæði, í samræmi við 5. og 111. gr. þessa samnings.
- vi) EFTA-ríkin eða hvaða einstaklingur eða lögpersóna sem er getur hafið málarekstur gegn Eftirlitsstofnun EFTA fyrir EFTA-dómstólnum í samræmi við 36. og 37. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“
- i) Í 8. og 9. mgr. 36. gr. ber hvað EFTA-ríkin varðar að skilja orðið „framkvæmdastjórnin/framkvæmdastjórninni/framkvæmdastjórnarinnar“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“.
- j) Orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ koma í stað orðsins „stofnunarinnar“ í d-lið 1. mgr. 41. gr.

<sup>(16)</sup> Stjútíð. ESB L 85, 30.3.1994, bls. 60.

k) Í 1. mgr. 44. gr. og 4. og 5. mgr. 49. gr. ber hvað EFTA-ríkin varðar að skilja orðið „framkvæmdastjórninni/framkvæmdastjórnarinnar“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“.

l) Eftirfarandi er bætt við 5. mgr. 49. gr.:

„Eftirfarandi landfræðilega takmörkuð svæði í Noregi skulu undanþegin 24., 31. og 32. gr. í 20. ári að hámarki eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 frá 5. maí 2017:

i) Jæren og Ryfylke,

ii) Hörðaland.

Þörfin á frekari undanþágu verður metin af eftirlitsfyrirvöldum í Noregi á fimm ára fresti eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 frá 5. maí 2017 að teknu tilliti til skilyrða þessarar greinar. Norska eftirlitsyfirlitshátturinn skal tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni og Eftirlitsstofnun EFTA um ákvörðun sína og matið sem hún er byggð á. Áður en tveir mánuðir eru liðnir frá þeim degi er ákvörðunin berst, getur Eftirlitsstofnun EFTA samþykkt ákvörðun þar sem gerð er krafa um að norska eftirlitsyfirlitshátturinn breyti eða afturkalli ákvörðun sína. Unnt er að lengja þetta tímabil með samþykki bæði Eftirlitsstofnunar EFTA og norska eftirlitsyfirlitsháttursins. Norska eftirlitsyfirlitshátturinn skal fullnægja kröfum ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA innan eins mánaðar og skal upplýsa sameiginlegu EES-nefndina og Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við það.“

m) Í stað 6. mgr. 49. gr. kemur eftirfarandi:

„Ákvæði 9. gr. gildir ekki um Kýpur, Lúxemborg, Möltu og/eða Liechtenstein.“

n) Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar sem sett var á laggirnar með 51. gr., þó án atkvæðisréttar.“

4. Eftirfarandi kemur í stað texta 27. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1775/2005):

„**32009 R 0715:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1775/2005 (Stjttíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 36), sbr. leiðréttingar í Stjttíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 29 og Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 87, eins og henni var breytt með:

– **32010 D 0685:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/685/ESB frá 10. nóvember 2010 (Stjttíð. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 67),

– **32012 D 0490:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/490/ESB frá 24. ágúst 2012 (Stjttíð. ESB L 231, 28.8.2012, bls. 16).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Reglugerðin gildir ekki um Ísland.

b) Í 3. mgr. 3. gr. og 20. gr. ber hvað EFTA-ríkin varðar að skilja orðið „framkvæmdastjórnin“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“.

c) Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar sem um getur í 28. gr., þó án atkvæðisréttar.“

d) Í 30. gr. ber hvað EFTA-ríkin varðar að skilja orðið „framkvæmdastjórnin“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“.

5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/114/ESB):

„47. **32009 R 0713:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 frá 13. júlí 2009 um að koma á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði (Stjttíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í vinnu Samstarfsstofnunar eftirlitsaðila á orkumarkaði, hér á eftir nefnd „stofnunin“, og allra undirbúningsnefnda, þ.m.t. vinnuhópar, nefndir og átakshópar stofnunarinnar, stjórn og eftirlitsstjórn, þó án atkvæðisréttar.
- b) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn ber að skilja hugtakið „aðildarríki(n)“ í reglugerðinni þannig að það taki til EFTA-ríkjanna auk ríkja sem það tekur til samkvæmt reglugerðinni.
- c) Að því er varðar EFTA-ríkin skulu Eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir því sem við á, njóta aðstoðar stofnunarinnar við þau verkefni sem þeim eru falin, hvernig og hvenær sem það á við.
- d) Að því er varðar mál sem varðar EFTA-ríki koma eftirfarandi ákvæði í stað ákvæða sem varða bindandi ákvarðanir stofnunarinnar, sem um getur í 7., 8. og 9. gr.:
  - i) Í málum sem varða EFTA-ríki, eitt eða fleiri, skal Eftirlitsstofnun EFTA samþykkja ákvörðun sem beint er til eftirlitsyfirvalda í EFTA-ríkinu/ríkjunum sem um ræðir.
  - ii) Stofnunin skal eiga rétt á að taka þátt í starfi Eftirlitsstofnunar EFTA og undirbúningsnefnda hennar þegar Eftirlitsstofnun EFTA sinnir störfum stofnunarinnar, að því er varðar EFTA-ríkin, eins og kveðið er á um í þessum samningi, þó án atkvæðisréttar.
  - iii) Eftirlitsstofnun EFTA skal eiga rétt á að taka fullan þátt í starfi stofnunarinnar og undirbúningsnefndum hennar, þó án atkvæðisréttar.
  - iv) Stofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu vinna náið saman þegar ákvarðanir, álit og tilmæli eru samþykkt.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.

Þegar stofnunin semur drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við þessa reglugerð skal hún tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA. Hin síðarnefnda skal setja frest sem eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkjanna hafa til þess að gefa álit sitt á málinu, að teknu fullu tilliti til þess hversu málið er brýnt og flókið og afleiðinga sem það kann mögulega að hafa.

Eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkjanna geta óskað eftir því að Eftirlitsstofnun EFTA taki ákvörðun sína til endurskoðunar. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda slíka beiðni til stofnunarinnar. Ef þannig ber undir skal stofnunin íhuga að semja ný drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA og svara án ótilhlýðilegrar tafar.

Ef stofnunin breytir eða afturkallar ákvörðun sem er hliðstæð ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt, skal stofnunin, án ótilhlýðilegrar tafar, semja drög á sama veg fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

- v) Komi til ágreinings milli stofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar framkvæmd þessara ákvæða skulu formaður stofnunarinnar og stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA, að teknu tilliti til þess hversu málið er brýnt, boða til fundar án ótilhlýðilegrar tafar til þess að leita eftir samstöðu. Náist ekki samstaða, getur formaður stofnunarinnar eða stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA farið þess á leit við samningsaðila að þeir vísi málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um það í samræmi við 111. gr. þessa samnings, sem skal gilda að breyttu breytanda. Í samræmi við 2. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/94 frá 8. febrúar 1994 um

starfsreglur sameiginlegu EES-nefndarinnar <sup>(17)</sup>, getur samningsaðili farið fram á að fundur verði kallaður saman án tafar þegar mikið liggur við. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar, getur samningsaðili hvenær sem er vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar að eigin frumkvæði, í samræmi við 5. og 111. gr. þessa samnings.

vi) EFTA-ríkin eða hvaða einstaklingur eða lögpersóna sem er getur hafið málarekstur gegn Eftirlitsstofnun EFTA fyrir EFTA-dómstólnum í samræmi við 36. og 37. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“

e) Eftirfarandi er bætt við 12. gr.:

„Eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum stjórnarinnar, þó án atkvæðisréttar. Starfsreglum stjórnarinnar skal haga þannig að eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkjanna geti tekið fullan þátt í störfum hennar.“

f) Eftirfarandi er bætt við 14. gr.:

„Eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum eftirlitsstjórnarinnar og allra undirbúningsnefnda stofnunarinnar. Þau skulu ekki hafa atkvæðisrétt í eftirlitsstjórninni. Starfsreglum eftirlitsstjórnarinnar skal haga þannig að EFTA-ríkin geti tekið fullan þátt í störfum hennar.“

g) Í stað ákvæða 19. gr. komi eftirfarandi:

„Ef kæra varðar ákvörðun stofnunarinnar í máli þar sem ágreiningur tekur einnig til lögbærra yfirvalda eins eða fleiri EFTA-ríkja, skal kærunefndin bjóða eftirlitsyfirvöldum EFTA-ríkisins/ríkjanna sem um ræðir að gera athugasemdir við miðlum upplýsinga frá aðilum að kærumeðferðinni, innan tilgreindra tímamarka. Eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkisins/ríkjanna sem um ræðir skulu eiga rétt á því að gera athugasemdir munnlega. Ef kærunefndin breytir, fellir tímabundið niður eða fellir úr gildi ákvörðun sem er hliðstæð ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt, skal stofnunin, án ótilhlýðilegrar tafar, semja drög á sama veg fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.“

h) Ákvæði 20. gr. gilda ekki að því er varðar málefni sem varða EFTA-ríkin, eitt eða fleiri.

i) Eftirfarandi er bætt við 21. gr.:

„EFTA-ríkin skulu taka þátt í fjármögnun stofnunarinnar. Í þessu skyni gilda málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við hann.“

j) Eftirfarandi er bætt við 27. gr.:

„EFTA-ríkin skulu láta stofnunina njóta sérréttinda og friðhelgi með hliðstæðum hætti og kveðið er á um í Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins.“

k) Eftirfarandi er bætt við 28. gr.:

„Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. og a-liðar 3. mgr. 82. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.

Þrátt fyrir ákvæði e-liðar 2. mgr. 12. gr., e-liðar 3. mgr. 82. gr. og 3. mgr. 85. gr. í ráðningarskilmálum annarra starfsmanna, skal stofnunin, að því er varðar starfsfólk hennar, líta á tungumálin sem vísað er til í 1. mgr. 129. gr. EES-samningsins sem tungumál Sambandsins sem vísað er til í 1. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.“

<sup>(17)</sup> Stjútíð. ESB L 85, 30.3.1994, bls. 60.



l) Eftirfarandi er bætt við 1. mgr. 30. gr.:

„Við beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.“

m) Eftirfarandi er bætt við 32. gr.:

„Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar sem sett er á laggirnar með 32. gr., þó án atkvæðisréttar.“

6. Eftirfarandi lið er bætt við 47. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009):

„48. **32013 R 0543**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 543/2013 frá 14. júní 2013 um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum og um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 (Stjtið. ESB L 163, 15.6.2013, bls. 1).“

7. Texti 21. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 713/2009, (EB) nr. 714/2009, (EB) nr. 715/2009 sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 29 og Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 87, og (ESB) nr. 543/2013, tilskipana 2009/72/EB og 2009/73/EB og ákvarðana 2010/685/ESB og 2012/490/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. maí 2017, eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram, eftir því hvor dagsetningin er síðar (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.